

## 10. gr.

31

Ákvæði reglugerðar þessarar ná, að því leyti sem við á, einnig til lýsis-  
verkunarstöðva. 6. apríl

## 11. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum frá 50—5000 krónum.  
Fara skal með mál út af brotum þessum sem almenn lögreglumál.

Reglur þessar eru hérmeð settar samkv. lögum nr. 42, 19. júní 1933, um  
vinnslu, verkun og mat meðalalýsis, til þess að öðlast þegar gildi og birtast til  
eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. apríl 1935.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Páll Pálmason.*

## REGLUR

32

## um flokkun meðalalýsis o. fl.

6. apríl

## 1. gr.

Allt meðalalýsi, sem selt er innanlands eða flutt á erlendan markað, skal  
metið af lýsismatsmönnum og greint eftir gæðum í neðangreinda flokka. Flokk-  
unin skal grundvallast á því, hvort um er að ræða hreint og ómengað þorska-  
lýsi, eða þorskalýsi blandað ýsu- eða ufsalýsi, ennfremur á sýruinnihaldi, lit,  
lykt og bragði.

## 2. gr.

Lýsi, sem ekki er átulitað, skal greint í fjóra flokka samkvæmt því, sem  
hér segir:

**I. flokkur:** Ómengað þorskalýsi, framleitt úr nýrri þorskalifur. Það skal  
hafa eðlilegan (ljósgulan) lit og af því má ekki finnast neitt óeðlilegt bragð  
eða lykt.

**II. flokkur:** Ómengað þorskalýsi, sem nálgast 1. fl. lýsi, en þykir af ein-  
hverjum ástæðum, samkvæmt framangreindu, ekki hæft í 1. flokk. Auk þess  
þorskalýsi, sem telja má víst að ekki sé fyllilega ómengað, heldur innihaldi litils-  
háttar af ufsa- eða ýsulýsi, enda þótt það annars gæti talizt 1. flokks vara.

**III. flokkur:** Ómengað þorskalýsi og þorskalýsi blandað ýsu- eða ufsalýsi,  
þegar mjög ber á hinum síðarnefndu lýsistegundum eða öðrum einkennum, sem  
rýra gildi lýsisins. Ennfremur komi í þenna flokk gott ufsalýsi.

**IV. flokkur:** Allt hið lakasta meðalalýsi þeirrar tegundar, sem hér um ræðir.

**32** Sérstaklega skal þess gætt, að lýsi, sem slæmt bragð eða lykt er af, sé ekki metið ofar en í 4. flokk.

3. gr.

Lýsi, sem litað er af átu (átulýsi) skal greint í þrjá flokka, ef krafizt er, á svipuðum grundvelli og gildir um átulaust lýsi, og auk þess eftir því, hve mikill átuliturinn er.

1. flokkur: Lýsi, er uppfyllir kröfur þær, sem gerðar eru til I. og II. flokks lýsis samkvæmt 2. gr., að öðru leyti en því, að á því má vera lítilsháttar átulitur.

2. flokkur: Lýsi, sem er átulitað í meðallagi eða þar um bil, en svarar að öðru leyti nánast til III. flokks lýsis samkvæmt 2. gr.

3. flokkur: Lýsi, sem er greinilega meira átulitað en í meðallagi eða þar yfir, en svarar að öðru leyti nánast til IV. flokks lýsis samkvæmt 2. gr.

4. gr.

Í meðalalýsi mega óbundnar feitisyður ekki vera yfir 1% (reiknað sem oliu-sýra), ósápuhaf efni ekki yfir 1,5% og í lýsi, sem metið er til útflutnings, vatn og óhreinindi ekki yfir 0,5%. Lýsismatsmenn skulu að öðru hvoru taka sýnishorn af lýsi því, sem þeir meta til útflutnings, og senda það til rannsóknar á Efnarannsóknarstofu ríkisins eða aðra stofnun, er koma kann í hennar stað. Þeir skulu einnig ávallt taka sýnishorn af lýsi, er þeim virðist vafasamt sem meðalalýsi, og senda það til rannsóknar. Kostnaður við rannsóknina greiðist af sömu aðiljum, sem matskostnað greiða.

Um litartakmörk fyrir lýsi í hinum einstöku flokkum verða síðar settar nánari reglur.

5. gr.

Ílát þau, sem meðalalýsi er flutt í, skulu vera einhverrar þeirrar tegundar, sem hér segir:

1. Blikktunnur úr völdu blikki í tréhylki.
2. Stáltunnur úr plötum, sem ekki flagna („scalefree“).
3. Eikarföt.

Öll ílát, hveirrar tegundar sem eru, skulu vera fullkomlega hrein og ógölluð, svo að ekki sé hætt við, að skemmdir komi fram í lýsinu af þeirra völdum. Blikk- og stáltunnur skulu vera ryðlausar, og helzt húðaðar innan með ryðverjandi efni, sem ekki hefir áhrif á lýsið. Undir 1. flokks lýsi til útflutnings má því aðeins nota tréföt, að þau séu annaðhvort ný eða hafi aðeins einu sinni áður verið notuð undir matarfeiti. Steinolíu- og smurningsolíuföt má alls ekki nota.

6. gr.

Umbúðir um meðalalýsi, sem flutt er til útlanda, skulu vera greinilega merktar á þann hátt, sem hér segir:

1. Með sérmerki útflytjanda (einum eða fleiri bókstöfum) ásamt tölu.

2. Með orðinu „Iceland“ eða öðru, sem gefi greinilega til kynna, að hér sé um íslenska framleiðslu að ræða. Þegar umbúðir eru tvöfaldar, skal merkja bæði blikk og tré. **32** 6. apríl
3. Á eikarfötum skal vera tilgreind þyngd umbúða.

7. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum frá 50—5000 krónum.  
Fara skal með mál út af brotum þessum sem almenn lögreglumál.

Reglur þessar eru hérmeð settar samkvæmt lögum nr. 42, 19. júní 1933 um vinnslu, verkun og mat meðalalýsis, til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. apríl 1935.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Páll Pálmason.*

**REGLUGERÐ**

um sölu og útflutning á léttverkaðri saltsíld (matjessíld).

**33**

8. apríl

Samkvæmt 11. gr. laga nr. 74 29. des. 1934, um sildarútvegsnefnd, útflutning á síld, hagnýtingu markaða o. fl., eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Sildarútvegsnefnd hefir með höndum sölu til útlanda og útflutning allrar léttverkaðrar saltsildar (matjessildar), svo og sölu á þeim tegundum sildar, sem að dómi nefndarinnar má ætla að notaðar verði til samkeppni á matjessildarmörkuðum.

Nefndin ræður framkvæmdastjóra og aðstoðarfólk samsölunnar.

2. gr.

Starfsemi nefndarinnar samkv. 1. gr. skal rekin undir nafninu „Samsala íslenzkrar matjessildar“, skammstafað S. I. M., og hefir heimili og varnarþing á Siglufirði.

3. gr.

Nefndin skal starfa með það fyrir augum að tryggja hagsmuni bæði framleiðenda heima fyrir og kaupenda í markaðslöndunum með því að halda útfluttri léttverkaðri síld í eðlilegu verði, miðað við framleiðslukostnað og kaupgetu í neyzlulöndunum, sem og að koma í veg fyrir óeðlilegar verðsveiflur á nefndri